

FUNDARGERÐ

Ársfundur Lífeyrissjóðs bankamanna haldinn 29. apríl 2004 á Hótel Loftleiðum

Ársfundur Lífeyrissjóðs bankamanna fyrir árið 2003 var haldinn á Hótel Loftleiðum, Þingsal 1, fimmtudaginn 29. apríl 2004 kl. 17:15. Fundurinn hófst með því að Haukur Þór Haraldsson, formaður stjórnar sjóðsins bauð gesti velkomna og setti fundinn. Hann lagði til að Sveinn Sveinsson, lögmaður yrði kjörinn fundarstjóri og var það samþykkt með lófataki. Sveinn tók við stjórn fundarins og lagði til að Árni Þór Þorbjörnsson lögmaður í Landsbankanum tæki að sér fundarritun. Jafnframt tilkynnti hann að hann hefði kynnt sér boðun fundarins og lýsti því yfir að hún væri í samræmi við samþykktir sjóðsins og þar með væri fundurinn löglegur.

Á fundinum lágu frammi eftirfarandi gögn:

- 1) Ársreikningur og ársskýrsla stjórnar fyrir árið 2003.
- 2) Tryggingarfræðileg úttekt Bjarna Guðmundssonar, cand. act. fyrir báðar deildir sjóðsins.
- 3) Samþykktir Lífeyrissjóðs bankamanna.

Var nú gengið til formlegrar dagskrár í samræmi við 6. gr. samþykktar sjóðsins. Röð dagskrárliða var eftirfarandi skv. ákvörðun fundarstjóra:

- 1) Skýrsla stjórnar.
- 2) Kynning og afgreiðsla ársreiknings sjóðsins og umfjöllun um fjárvörslu.
- 3) Tryggingarfræðileg úttekt á stöðu sjóðsins.
- 4) Fjárfestingastefna sjóðsins.
- 5) Kosning stjórnarmanna skv. 2.gr.
- 6) Kosning varamanna.
- 7) Kosning skoðunarmanna reikninga sjóðsins.
- 8) Fyrirliggjandi tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins sbr. ákvæði 7. gr.
- 9) Laun stjórnar- og skoðunarmanna.
- 10) Önnur mál.

1) Skýrsla stjórnar

Haukur Þór Haraldsson, formaður stjórnar reifaði helstu þætti í starfsemi sjóðsins á síðasta ári. Í stjórn sjóðsins á síðasta ári sátu Haukur Þór Haraldsson, Arnór Sighvatsson og Friðbert Traustason sem fulltrúar sjóðfélaga, Ingvar A. Sigfússon, tilnefnur af bankaráði Seðlabanka Íslands og Sigurjón Þ. Arnason sem var

tilnefndur af aðildarfyrirtækjum sjóðsins. Auk þeirra var Helgi S. Guðmundsson tilnefndur af bankaráði Landsbanka Íslands hf. en hann lét af störfum um leið og hann hvarf til annarra starfa.

Starfsmenn sjóðsins eru Sigtryggur Jónsson, framkvæmdastjóri, Svana M. Símonardóttir fulltrúi og Anna Karlsdóttir ritari. Haukur lét þess getið að sambærilegir sjóðir væru yfirleitt með fimm starfsmenn. Fjárvarsla og endurskoðunarþjónusta er aðkeypt. Rekstrarkostnaður er 0,15% af hreinni eign og er það lægra en margir sambærilegir sjóðir geta státað af. Algengt er að sjóðir séu með verulega hærri kostnað.

Stjórnarfundir á árinu voru haldnir einu sinni í mánuði og 140 dagskrármál voru tekin fyrir. Á árinu voru samþykktar alls 150 lánveitingar til sjóðsfélaga.

Aðalverkefni síðasta árs voru að gera áherslubreytingar á fjárfestingastefnu og ganga frá samningi um innri endurskoðun við Deloitte.

Unnið var að breytingum á fjárfestingarstefnu fjárvörslusamninga sem gerðir voru við Landsbanka Verðbréfasvið og Búnaðarbanka Verðbréf, nú KB Banka. Miðuðu þær að því að minnka vægi erlendra fjárfestinga sjóðsins svo og innlendra fjárfestinga í hlutabréfum. Þessar breytingar tóku gildi 1. janúar 2004.

Hrein eign í Hlutfallsdeild til greiðslu lífeyris hækkaði á árinu um 1,7 ma.kr. og styrktist staða deildarinnar því verulega á árinu 2003. Greiðandi sjóðsfélögum fer fækkandi og greiddur lífeyrir hefur verið hærri en innborganir sjóðsfélaga en heildarfjöldi greiðandi sjóðsfélaga er 35% af heildarfjölda. Fjöldi sjóðsfélaga sem fá útgreiðslur eru 96% af heildarfjölda.

Hrein eign Stigadeildar til greiðslu lífeyris hækkaði um 965 m.kr. Sjóðfélögum fjölgar jafnt og þétt og innborganir eru töluvert hærri en greiddur lífeyrir. Fjöldi greiðandi sjóðsfélaga er 65% af heildarfjölda. Fjöldi sjóðsfélaga sem fá útgreiðslur er 4%.

Sjóðsfélagar eru rúmlega 6100. Þar af eru 2000 inngreiðandi, 3600 sem eiga geymd réttindi og um 500 á lífeyri. Sjóðfélögum hefur fjölgað um 850 frá árinu 1998 og eru iðgjöld sjóðsfélaga í Stigadeild 167% hærri en sjóðsfélaga í Hlutfallsdeild.

Ávöxtun eigna sjóðsins á síðasta ári var sú besta í 75 ára sögu sjóðsins eða 9,28%. Tryggingarfræðileg úttekt sýnir að staða sjóðsins hefur styrkst mjög verulega á milli ára en Hlutfallsdeild verður sífellt viðkvæmari fyrir launabreytingum. Tillögur hafa verið gerðar um mögulegar varnaraðgerðir og þær kynntar sjóðsfélögum.

Varðandi sjóðfélagalán sagði Haukur að eftirspurn eftir þeim væri stöðug og að greiðslumat væri notað í auknum mæli. Vanskil sjóðfélagalána væru vel innan við 1% og útlánatöp nær óþekkt.

Varðandi makalífeyri var það kannað hvaða áhrif það hefði á sjóðinn að lengja hann í Stigadeild. Niðurstaðan var sú það myndi breyta hlutfalli milli eftirlauna og makalífeyris. Hlutfall makalífeyris af heildarlífeyri hefur farið lækkandi síðustu ár en örorkulífeyrir hefur hækkað sem hlutfall af heildarlífeyri.

Að lokum þakkaði Haukur Þór sjóðsfélögum það traust sem þeir hafa sýnt honum með því að velja hann sem fulltrúa sinn í stjórn sjóðsins og óskaði nýjum fulltrúa sjóðsfélaga velfarnaðar í þessu vandasama trúnaðarstarfi.

2) Kynning og afgreiðsla ársreiknings sjóðsins, yfirlit yfir ávöxtun & fjárvarsla

Sigtryggur Jónsson, framkvæmdastjóri sjóðsins gerði því næst grein fyrir ársreikningi sjóðsins og fór yfir hann fyrir hvora deild fyrir sig. Sigtryggur fór yfir yfirlit um breytingar á hreinni eign sjóðsins árið 2003. Því næst fór Sigtryggur yfir efnahagsreikning sjóðsins.

Hrein eign Hlutfallsdeildar hækkaði um 10,60% og raunávöxtunin var 9,28%. Hrein eign Stigadeildar hækkaði um 26,80% og raunávöxtun eigna deildarinnar var 9,09%. Þá gerði Sigtryggur grein fyrir efnahagsreikningi hvorrar deildar fyrir sig.

Þá tók til máls Yngvi Harðarson frá Ráðgjöf og efnahagsspá ehf. og gerði hann grein fyrir árangri fjárvörsluaðila á árinu 2003. Hann taldi að fjárvarslan hefði gengið ljómandi vel þetta árið. Ávöxtun KB Banka hefur verið örlítið betri á því safni sem bankinn stýrir en munurinn skýrist að stærstum hluta með minni áhættutöku hjá Landsbanka.

Fram kom tillaga um breytingu á dagskrá. Sigfús Gauti Þórðarson flutti tillögu um að dagskrárliðir um tillögur til breytinga á samþykktum og kosningar stjórnarmanna yrðu færðir fram og yrðu næstir á dagskrá. Fram fór atkvæðagreiðsla um tillöguna og var hún samþykkt með 63 atkvæðum gegn 43. Breyttist því röð dagskrárliða eins og tillagan segir til um.

3) Fyrirliggjandi tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins sbr. ákvæði 7. gr.

Neðangreindar tillögur til breytinga á samþykktum sjóðsins höfðu verið sendar stjórn sjóðsins með þeim fyrirvara sem 8. gr. samþykktar mælir fyrir um:

Frá Sveinbirni Hafliðasyni, Sigfúsi Gauta Þórðarsyni og Stefáni Jóhanni Stefánssyni bárust tvær tillögur. Tillaga 1 er svohljóðandi:

1. Að 1. og 2. mgr. 5. gr. orðist svo:

Eigi sjóðfélagar ekki betri rétt samkvæmt lögum skal sjóðurinn starfa áfram á óbreyttum iðgjalda- og réttindagrundvelli frá 1. janúar 1998, þar á meðal varðandi svokallað ávinnslukerfi og 95 ára reglu og aldurstakmark 65 ár, nema breyting eigi sér stað samkvæmt þessari grein.

*Stjórn sjóðsins skal árlega láta tryggingafræðing rannsaka fjárhag hans skv. 24. og 39. gr. laga nr. 129/1997. Leiði rannsókn tryggingafræðings í ljós að misræmi hafi myndast milli eigna og skuldbindinga einstakra deilda skal áunnum lífeyrisréttindum sjóðfélaga breytt að fengnum tillögum tryggingafræðings þannig að jöfnuður verði milli eigna og skuldbindinga. Leiði niðurstöður tryggingafræðings í ljós að eignir sjóðsins eða eignir einstakra deilda sjóðsins standi ekki undir skuldbindingum þeirra skal sjóðsstjórn fyrst leita leiða til að bæta ávöxtun sjóðsins eða hækka iðgjöld áður en til skerðinga á réttindum kemur. **Hækkun iðgjalda hjá starfandi sjóðfélögum, er háð því að iðgjöld aðildarfyrirtækja hækki jafnframt, og verði í sama hlutfalli og greitt er inn í sjóðinn í dag (1 á móti 3,6) sem nú gerir 4% hjá sjóðfélögum og 14,4% hjá aðildarfyrirtækjum.***

Sigfús Gauti gerði grein fyrir tillögu 1. Jafnframt gerði hann breytingartillögu við umrædda tillögu sem er svohljóðandi:

*Hækkun iðgjalda hjá starfandi sjóðfélögum, er háð því að iðgjöld aðildarfyrirtækja hækki jafnframt, og verði **ekki í lakara** hlutfalli **en** greitt er inn í sjóðinn í dag (1 á móti 3,6) sem nú gerir 4% hjá sjóðfélögum og 14,4% hjá aðildarfyrirtækjum.*

Óskaði Sigfús eftir leynilegri kosningu um báðar tillögurnar.

Orðið var gefið laust um tillögu 1. Til máls tók Friðbert Traustason. Taldi hann að þessar tillögur væru báðar óþarfar; fyrri hlutinn væri nú þegar til staðar og síðari hlutinn væri settur á rangan stað í samþykktir og félli því um sjálfa sig.

Sigfús Gauti tók aftur til máls og taldi báða hluta tillögunnar eiga fullan rétt á sér, fyrri hlutinn væri til þess fallinn að sjóðfélagar ættu hugsanlega betri rétt skv. stjórnsýslulögum. Þá taldi hann að síðari hlutinn væri á réttum stað og væri til fyllingar ákvæðinu.

Sveinbjörn Hafliðason tók næstur til máls og ítrekaði tillögu þeirra félaga og að hún væri til öryggis.

Ekki tóku fleiri til máls um þessa tillögu.

Tillaga 2 er svohljóðandi:

2. Að ný 1. mgr. 7. gr. verði svohljóðandi og röð síðari málsgreina breytist í samræmi við það:

Fulltrúar sjóðfélaga í stjórn sjóðsins skulu tilkynna sjóðfélögum án ástæðulauss dráttar um allar fastmótaðar hugmyndir um beina eða óbeina skerðingu á lífeyrisréttindum sjóðfélaga. Skerðingarhugmyndum skal fylgja álit tryggingafræðings á afleiðingum þeirra á lífeyrisréttindi sjóðfélaga og gjaldhæfi sjóðsins. Sjóðfélagafund um skerðingarhugmyndir skal síðan halda í fyrsta lagi fjórum vikum síðar til ákvörðunar um það hvort tillaga byggð á umræddum hugmyndum verði lögð fyrir aðalfund sjóðsins.

Að 2. málslíður 1. mgr. 7. gr. (sem verður 2. ml. 2. mgr. 7 gr.) verði svohljóðandi:

*Miði tillögur að aukningu **eða skerðingu** þeirra réttinda, sem sjóðurinn veitir eða fjárfestingarstefnu sem ætla má að hafi áhrif á getu sjóðsins til greiðslu lífeyris skal fylgja tryggingafræðileg úttekt á afleiðingum breytinganna á gjaldhæfi sjóðsins.*

Sveinbjörn Hafliðason tók til máls og gerði grein fyrir tillögu 2. Rakti hann að á síðastliðnu hausti hafi stjórn sjóðsins boðað til fundar þar sem boðaðar voru breytingar á samþykktum sjóðsins. Þetta kom þó ekki til og var tillagan dregin til baka og hefur ekki verið lögð fram aftur enda hafi menn séð að sér. Vegna þessa atviks flytji þeir félagar þessa tillögu sem sé í sjálfu sér ekki flókin og gengur út á að fulltrúar sjóðsfélaga tilkynni öðrum hugmyndir sem hafi þær afleiðingar að réttindi skerðist með beinum eða óbeinum hætti. Seinni breytingin feli í sér að bæði aukning og skerðing réttinda kalli á úttekt.

Sveinbjörn óskaði eftir að fá að gefa yfirlýsingu og veitti fundarstjóri það leyfi. Sveinbjörn sagði þá að hann hefði sent stjórn tilkynningu um framboð sitt til stjórnar sjóðsins með þeim fyrirvara sem samþykktir áskyldu. Hann hefði hins vegar, eftir því sem nær hefði dregið ársfundi, orðið afhuga því að taka sæti í

stjórn sjóðsins og hefði hann því ákveðið að draga framboð sitt til baka. Taldi hann krafta sína nýtast betur utan stjórnar sem gagnrýnanda.

Friðbert Traustason tók til máls og féllst fyllilega á síðari hluta tillögu 2. Mótmælti hann því að stjórn sjóðsins hefði gert aðför að réttindum sjóðfélaga með tillögum síðastliðið haust.

Sigfús Gauti tók til máls og ítrekaði að stjórnin hefði ætlað að taka 80 manna hóp og láta hann blæða fyrir alla hina. Á þetta hefðu þeir félagar bent í bréfi til bankastjórnar Seðlabankans og að þetta kynni að vera brot á meðalhófsreglu stjórnsýslulaga. Taldi hann að þetta bréf hefði m.a. orðið til þess að tillagan var dregin til baka.

Sveinbjörn kom aftur í pontu og ítrekaði að hann teldi að með tillögum sínum síðastliðið haust hefði stjórnin reynt að nýta sér andvaraleysi sjóðfélaga.

Ekki tóku fleiri til máls um tillögu 2.

Frá Birni Tryggvasyni bárust neðangreindar tillögur:

1. Lagt er til að 2. gr. samþykkt breytist á eftirfarandi hátt:

*Stjórn sjóðsins ber ábyrgð á starfsemi hans og skal hafa með höndum almennt eftirlit með rekstri, bókhaldi og ráðstöfun eigna skv. 29. gr. laga nr. 129/1997. Skal hún skipuð **fimm** mönnum. **Skulu tveir kosnir** af aðildarfyrirtækjum sjóðsins í atkvæðagreiðslu sbr. 7. gr. og þrír kjörnir á ársfund sjóðsins. Aðilar skulu tilnefna eða kjósa jafnmarga menn til vara. Skulu varamenn fulltrúa sjóðfélaga kjörnir í þeirri röð sem þeir taka sæti aðalmanna í stjórn. Tilkynningar um framboð vegna stjórnarkjörs, ásamt upplýsingum um starfsferil, skulu berast skriflega til skrifstofu sjóðsins eigi síðar en tveimur vikum fyrir ársfund. Skipunartími stjórnarmanna er 2 ár. Heimilt er stjórninni að skipta með sér verkum, **en formaður stjórnar skal vera fulltrúi sjóðfélaga**. Um hæfi stjórnarmanna fer skv. 31. gr. laga nr. 129/1997.*

Lagt er til að við 2. gr. samþykkt sjóðsins bætist eftirfarandi setning aftast.

Varamenn skulu boðaðir á alla stjórnarfundi.

2. Lagt er til að 1.-3 málslíður 1. mgr. 6. gr. breytist á eftirfarandi hátt:

*Stjórn sjóðsins skal efna til sjóðfélagafundar í aprílmánuði ár hvert. Fundinn skal boða **tvisvar. Fyrst með þriggja mánaða fyrirvara með tilkynningu til starfsmannafélaga, þar sem auglýst er eftir lagabreytingum og aftur** með mánaðar fyrirvara með tryggilegum hætti m.a. með auglýsingu í a.m.k. einu dagblaði og með **tilkynningu til starfsmannafélaga aðildarfyrirtækjanna.***

3. Lagt er til að í 3. málslíð 1. mgr. 7.gr. bætist við orðið "seinna" á undan fundarboð. Málsliðurinn verður því:

*Breytingartillagna á samþykktum sjóðsins skal getið í **seinna** fundarboði og þær skulu liggja frammi á skrifstofu sjóðsins.*

Jafnframt er lagt til að við 2. mgr. sömu greinar bætist nýr málslíður sem verður 2. málslíður þannig:

Tillaga telst samþykkt ef meirihluti er samþykkur breytingunni þannig að ársfundur sjóðfélaga vegur 3/5 og aðildarfyrirtæki veqa sameiginlega 2/5.

Björn gerði þannig grein fyrir breytingartillögum að markmið þeirra væri í fyrsta lagi að draga úr valdi aðildarfyrirtækjanna, enda væri vandséð að þau hafi eðlilega hagsmuni í stjórninni. Í öðru lagi að færa val fulltrúa aðildarfyrirtækjanna alfarið til þeirra sjálfra án skorða í samþykktum. Í þriðja lagi að efla þátttöku varamanna í stjórninni og í fjórða lagi að bæta boðun funda.

Haukur Þór Haraldsson taldi ekki gott að boða alla varamenn til allra funda vegna skilvirkni. Að öðru leyti var Haukur sáttur við tillögur Björns.

Fleiri óskuðu ekki eftir að taka til máls um tillögur Björns.

Fundarstjóri lét því næst fara fram atkvæðagreiðslu um fyrirbyggjandi tillögur frá Sigfúsi Gauta Þórðarsyni, Sveinbirni Hafliðasyni og Stefáni J. Stefánssyni. Fyrst voru greidd atkvæði um tillögu 1 og var hún samþykkt með yfirgnæfandi meirihluta atkvæða. Næst voru greidd atkvæði um tillögu 2 og var hún samþykkt með miklum meirihluta atkvæða.

Þá var gegnið til atkvæða um tillögur Björns Tryggvasonar. Fyrst var gengið til atkvæða um fyrstu tillögu Björns og voru greidd atkvæði um fyrri hluta tillögunnar fyrst og var hann samþykktur en sá síðari var felldur. Síðan voru greidd atkvæði um breytingartillögu 2. og var hún samþykkt. Þriðja tillaga Björns var því næst borin undir atkvæði og var hún samþykkt.

4) Kosning stjórnarmanna skv. 2. gr.

Í samræmi við breytta dagskrá fór næst fram kjör stjórnarmanna samkvæmt samþykktum sjóðsins með þeim hætti að dreift var atkvæðaseðlum þar sem fundarmenn skyldu kjósa allt að þrjá af þeim sem í framboði voru:

Arnór Sighvatsson
Friðbert Traustason
Sigfús Gauti Þórðarson
Sigurjón Gunnarsson
Þórunn Ragnarsdóttir

Sveinbjörn Hafliðason hafði dregið áðurtilkynnt framboð sitt til baka.

Hlé var gert á fundinum meðan atkvæði voru talin.

Niðurstaða kosningarinnar var þessi:

Friðbert	95
Sigurjón	76
Arnór	70
Sigfús Gauti	67
Þórunn	40

Fundarstjóri lýsti því Friðbert, Sigurjón og Arnór réttkjörna í stjórn sjóðsins.

Orðið var því næst gefið laust um þá dagskrárliði sem þegar höfðu verið ræddir og óskaði enginn eftir því að taka til máls. Bar því fundarstjóri ársreikning sjóðsins upp til atkvæða og var hann samþykktur samhljóða.

5) Tryggingarfræðileg úttekt á stöðu sjóðsins.

Bjarni Guðmundsson, tryggingarfræðingur sjóðsins gerði grein fyrir tryggingarfræðilegri úttekt deilda sjóðsins en skýrslur hans lágu fyrir fundinum. Bjarni benti fundarmönnum á helstu niðurstöður úttektarinnar í fyrirbyggjandi skýrslum um báðar deildir. Þá gerði Bjarni grein fyrir þeim aðferðum sem beitt er við úttektina.

Niðurstaða Bjarna var sú að staða Hlutfallsdeildar sjóðsins er neikvæð um 5,96%. Staða Stigadeildar er heldur betri en þó neikvæð um 1,65 %. Staða beggja deilda hefur batnað allnokkuð milli ára.

Orðið var því næst gefið laust til umræðu um tryggingarfræðilega úttekt. Enginn óskaði eftir að taka til máls.

6) Fjárfestingarstefna sjóðsins.

Til máls tók Arnór Sighvatsson stjórnarmaður. Sagði hann að fjárfestingarstefna væri brýnasta mál stjórnar á hverjum tíma. Benti hann á að deildir sjóðsins

störfuðu nú eftir tveimur mismunandi fjárfestingarstefnum. Markvisst væri stefnt að því að minnka áhættu í Hlutfalldeild og auka vægi verðtryggðra eigna.

Arnór fjallaði lauslega um hvers vegna lífeyrissjóðir teldu hlutabréf heppilegan fjárfestingarkost til lengri tíma. Skv. upplýsingum Arnórs er 200 ára saga ávöxtunar hlutabréfa þannig að þau skili betri árangri en aðrar eignir að því gefnu að safnið sé nægilega vel dreift. Fjárfestingarstefna með miklum hlutabréfum á hins vegar ekki vel við Hlutfallsdeild þessa lífeyrissjóðs. Það er vegna þess að deildin mun ekki hafa eilíft líf þar sem hún er lokuð og er ekki að mynda sjóð. Hún er því afskaplega viðkvæm.

Fjárfestingarstefnu var því breytt á árinu þannig að vægi innlendra hlutabréfa var minnkað og vægi innlendra skuldabréfa aukið.

7) Kosning varamanna

Tillaga lá frammi um að varamenn yrðu Þórunn K. Þorsteinsdóttir 1. varamaður, Helga Jónsdóttir 2. varamaður og Kjartan Sigurgeirsson 3. varamaður. Aðrar tillögur lágu ekki fyrir og var tillagan var samþykkt og eru þau því réttkjörnir varamenn í stjórn sjóðsins.

8) Kosning skoðunarmanna reikninga sjóðsins.

Fyrir fundinum lá tillaga um að Gunnlaugur Arnórsson og Þorsteinn Egilsson núverandi skoðunarmenn sjóðsins yrðu endurkjörnir og var það samþykkt með lófataki.

9) Laun stjórnar- og skoðunarmanna.

Fyrir fundinum lá tillaga um að laun stjórnarmanna yrðu óbreytt kr. 40.000.- á mánuði. Laun formanns tvöföld. Laun varaformanns ein og hálf. Laun varamanna kr. 20.000.- fyrir hvern fund, þó aldrei hærri en kr. 40.000.- á mánuði. Laun greidd eins og laun bankamanna. Var tillagan samþykkt.

Tillaga var borin upp um að laun skoðunarmanna yrðu kr. 15.000.- á mánuði, greidd eins og laun bankamanna og var hún samþykkt samhjóða.

10) Önnur mál

Til máls tók Helga Jónsdóttir og vakti hún athygli á 30. gr. samþykkt sjóðsins. Taldi hún að ekki væri afgreitt eins fyrir alla skv. þessu ákvæði. Óskaði hún eftir að sjóðsstjórnin svaraði hvers vegna svo væri ekki og hvatti stjórnina til að sjá að sér með þetta.

Til máls tók Friðbert Traustason og þakkaði fyrst traustið sem honum væri sýnt með kjöri í stjórn. Friðbert kvað misvísandi túlkun vera um þetta ákvæði en sagðist hann þó vilja beita sér fyrir því innan stjórnar að afgreiðsla yrði eins fyrir alla.

Kristín Valtýsdóttir kvaddi sér hljóðs og vísaði í skýrslu stjórnar þar sem fram kemur að á árinu hafi Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti og aðildarfyrirtækjum verið ritað bréf þar sem óskað var viðræðna um endurskoðun uppgjörs skuldbindinga. Vildi Kristín vita hvort einhver svör hefðu borist.

Haukur Þór svaraði þessu þannig að ráðuneytið hefði gefið þau svör að það teldi sig ekki eiga að inna greiðslur af hendi í þessu skyni og vísaði á aðildarfyrirtækin. Sagði Haukur því ljóst að sjóðurinn yrði að til að leita réttar síns fyrir dómstólum.

Fleira var ekki á dagskrá fundarins og fengu fundarstjóri og fundarritari umboð til þess að ganga frá fundargerð fundarins. Því næst var fundi slitið laust eftir kl. 20:00. Fundarmenn voru 142 talsins.

Reykjavík 29. apríl 2004

Fundarstjóri:

Fundarritari: